

HEILBRIGÐISTÖLFRÆÐI

Fóstureyðingar 2003

Nýjar tölur frá Landlæknisembættinu

2005:1



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

FÓSTUREYÐINGAR 2003

MEÐAL EFNIS:

<i>Fjöldi fóstureyðinga</i>	3
<i>Fóstureyðingar eftir aldri</i>	5
<i>Félagslegar ástæður fóstureyðinga</i>	6
<i>Samanburður við Norðurlönd</i>	7

Inngangur

Hér á eftir fara upplýsingar um framkvæmdar fóstureyðingar sem heimilar eru samkvæmt lögum nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir. Landlæknisembættið heldur skrá um fóstureyðingar og eru upplýsingarnar byggðar á gögnum úr skránni. Í greinargerð þessari er lögð áhersla á umfjöllun um fóstureyðingar árið 2003 en oft og tíðum vitnað í fyrri ár til samanburðar.

Árið 2003 var skráð 951 fóstureyðing hjá konum með lögheimili á Íslandi. Á tímabilinu frá 1998 til 2003 voru flestar fóstureyðingar skráðar árið 2000, eða 987, en færstar árið 2002, eða 900.

Tafla 1. Fóstureyðingar 1994-2003

	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003
Alls	775	807	854	921	914	935	987	967	900	951
Aldur										
Innan 15 ára	3	0	8	11	11	7	8	3	8	8
15-19 ára	155	158	207	217	252	218	257	220	196	185
20-24 ára	221	263	232	274	231	257	241	271	260	258
25-29 ára	148	143	164	142	163	192	209	197	171	168
30-34 ára	120	115	108	132	115	126	132	120	134	171
35-39 ára	91	90	102	99	100	97	93	106	84	109
40-44 ára	35	34	29	42	39	36	46	49	41	49
45 ára og eldri	2	4	4	4	3	2	1	1	6	3

Ef skoðaðar eru tölur um fjölda fóstureyðinga á hverjar 1.000 konur á aldrinum 15–44 ára kemur í ljós að þær voru 14/1000 konur árið 2002 og 15/1000 konur árið 2003.

Mynd 1. sýnir fjölda fóstureyðinga á hverjar 1.000 konur á aldrinum 15–44 ára í fimm ára tímabilum frá 1961.


Fram að árinu 1975 voru í gildi lög nr. 38/1935. Þau lög heimiluðu fóstureyðingar af læknisfræðilegum ástæðum, einkum til að bjarga lífi eða heilsu konunnar. Með lögum nr. 16/1938 varð sú breyting að heimild til fóstureyðingar náði jafnframt yfir þau tilvik, þegar hætta var talin á erfðagöllum, fósturskaða eða vanskapnaði og ef konu hafði verið nauðgað. Með lögunum sem sett voru 1975 var heimild til fóstureyðinga enn rýmkuð og hún heimiluð á félagslegum forsendum eingöngu jafnt sem læknisfræðilegum. Sem fyrr var fóstureyðing heimil vegna nauðgunar (Landlæknisembættið 1985, bls. 12). Fóstureyðingum fjölgaði jafnt og þétt frá 1961

FÓSTUREYÐINGAR 2003

Fjöldi fóstureyðinga miðað við fjölda kvenna á barneignaraldri hefur haldist stöðugur frá 1996.

Fóstureyðingar hafa verið um 220 fyrir hverja 1000 lifandi fædda síðustu ár.

Mynd 1. Fjöldi fóstureyðinga á 1000 konur 15–44 ára
- 5 ára meðaltöl -




fram undir 1970 en eftir það varð fjölgunin enn meiri. Hélt sú þróun áfram í kjölfar lagasetningarinnar 1975.

Er líða tók á áttunda áratuginn fór að draga úr fjölgun fóstureyðinga. Fóstureyðingum fjölgaði nokkuð á fyrri hluta níunda áratugarins en fjöldi þeirra miðað við 1.000 konur á barneignaraldri hefur verið nokkuð stöðugur frá árinu 1996.

Gögn

Tölfræði um framkvæmdar fóstureyðingar byggir á skráningu af eyðublöðum sem send eru Landlæknisembættinu að aðgerð lokinni. Eftirfarandi skráningaratriði eru skráð í gagnagrunn: aldur, sveitarfélag lögheimilis, ríkisfang, staða á vinnumarkaði, hjúskaparstaða, sambúðarstaða, fyrri fæðingar og fóstureyðingar, getnaðarvarnir, ástæða umsóknar (tilvísun í greinar laganna), aðgerðarstaður, læknanúmer þess sem framkvæmir aðgerð, dagsetning aðgerðar, meðgöngulengd, tegund aðgerðar og eftirköst. Fóstureyðingaskrá er ekki persónugreinanleg og tilgangur hennar er fyrst og fremst að afla tölfræðilegra upplýsinga um fóstureyðingar, m.a. vegna forvarnarstarfs. Við úrvinnslu úr fóstureyðingaskrá eru eingöngu notaðar upplýsingar um fóstureyðingar sem framkvæmdar eru hjá konum með lögheimili á Íslandi.

Mynd 2. Fjöldi fóstureyðinga á 1.000 lifandi fædda
- 5 ára meðaltöl -



FÓSTUREYÐINGAR 2003

Fæðingar og fóstureyðingar

Ef miðað er við fjölda lifandi fæddra hafa fóstureyðingar verið um 220 fyrir hverja 1000 lifandi fædda frá því um miðjan níunda áratuginn.

Tafla 2. Tíðni fæðinga og fóstureyðinga eftir landshlutum

	Fjöldi fæðinga á 1.000 konur	Fj. fóstureyðinga á 1.000 konur
Höfuðborgarsvæðið	66,6	17,0
Suðurnes	69,0	12,6
Vesturland	71,7	15,6
Vestfirðir	59,3	10,5
Norðurland vestra	61,8	9,9
Norðurland eystra	67,7	11,0
Austurland	54,8	10,4
Suðurland	62,6	10,6
Allt landið	66,0	15,0

Fóstureyðingar eftir landshlutum

Nokkur munur var á tíðni fæðinga og fóstureyðinga eftir landshlutum árið 2003 og er þá miðað við lögheimili kvennanna.


Tíðni fóstureyðinga var yfir meðallagi á höfuðborgarsvæðinu og á Vesturlandi en undir meðallagi í öðrum landshlutum. Fæðingátíðni var hæst á Vesturlandi og næst hæst á Suðurnesjum árið 2003. Lægst var fæðingátíðni á Austurlandi.

Fóstureyðingar eftir ríkisfangi

Mikill meirihluti þeirra kvenna sem fara í fóstureyðingu á Íslandi hefur íslenskt ríkisfang. Á árunum 1998 til 2003 voru á bilinu 3,5% til 8,5% kvennanna með erlent ríkisfang. Líklega hefur þetta hlutfall farið heldur hækkandi síðustu árin vegna fjölgunar erlendra ríkisborgara. Til samanburðar má geta þess að 2,7% kvenna sem fóru í fóstureyðingu árið 1985 voru með erlent ríkisfang en árið 1990 var hlutfallið 4,5%. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands varð talsverð aukning á flutningi erlendra ríkisborgara til landsins frá ríkjum utan Norðurlanda á tímabilinu frá 1996–2001. Aukningin varð mest frá Evrópulöndum en hún varð einnig talsverð frá löndum utan Evrópu. Aftur dró úr flutningum til landsins 2002 og 2003 (Hagstofa Íslands, 2004).

Munur er á tíðni fóstureyðinga eftir landshlutum.

Mynd 3. Konur með erlent ríkisfang Fóstureyðingar 1998–2003




FÓSTUREYÐINGAR 2003

Fóstureyðingar eftir aldri

Ef horft er til meðaltals áranna 2001 til 2003 var meginhluti þeirra kvenna sem fóru í fóstureyðingu á aldrinum 15–34 ára, eða um 83% allra sem fóru í fóstureyðingu. Um helmingur allra kvenna sem fóru í fóstureyðingu var á aldrinum 15–24 ára.

Á árunum 1996 til 2000 fjölgaði fóstureyðingum hlutfallslega mest meðal stúlkna undir tvítugu. Frá og með árinu 2001 hefur fóstureyðingum í þessum aldurshópi hins vegar farið fækkandi. Á sama tíma hefur fæðingatíðni hjá konum á þessum aldri einnig lækkað. Síðan 1996 hefur tíðni fóstureyðinga staðið nokkurn veginn í stað í öllum aldurshópum nema þeim yngsta, eins og fyrir greinir, og meðal kvenna á aldrinum 30–34 ára. Þar hefur tíðnin heldur vaxið síðustu 3 árin.




Hlutdeild yngsta aldurshópsins í heildarfjölda fóstureyðinga hefur einnig farið minnkandi allra síðustu ár. Skýringanna er væntanlega að leita í tilkomu neyðargetnaðarvarna og auðveldara aðgengi að því úrræði. Fræðsla meðal yngstu aldurshópanna hefur einnig aukist fyrir tilstuðlan ýmissa aðila, s.s. skólahjúkrunarfræðinga, heilsugæslustöðva, Félags um forvarnir læknanema

og annarra samtaka. Sala á neyðargetnaðarvörn hefur vaxið hratt eftir 2000. Neyðargetnaðarvörn kemur í veg fyrir getnað og þungun eftir óvarðar samfarir og er því notuð til þess að koma í veg fyrir óráðgerðan getnað. Neyðargetnaðarvörn hefur áhrif áður en egglos eða bólfesta á sér stað og er því ekki fóstureyðing. Hún er sérstaklega mikilvæg fyrir unglingsstúlkur sem eru oft ekki byrjaðar að nota öruggar getnaðarvarnir.



Fyrri fæðingar og fóstureyðingar

Talsverður hluti þeirra kvenna sem fer í fóstureyðingu á að baki fyrri fóstureyðingu. Árið 2003 lét nærri að þriðjungur kvenna hefði einhvern tíma áður farið í fóstureyðingu og hefur þetta hlutfall farið heldur vaxandi síðustu áratugi. Þá hafa að jafnaði nálægt 60% kvenna sem fara í fóstureyðingu áður fætt barn eða börn.




*Árin
2001 til 2003
var meginhluti
þeirra kvenna sem
fóru í fóstureyðingu
á aldrinum
15–34 ára.*

FÓSTUREYÐINGAR 2003



Fóstureyðingar eftir 12. viku

Samkvæmt 10. gr. laga 25/1975 skal fóstureyðing framkvæmd eins fljótt og auðið er og helst fyrir lok 12. viku meðgöngutímans. Fram til ársins 2000 voru 3–4% fóstureyðinga framkvæmdar eftir 12. viku en eftir árið 2000 lækkaði hlutfallið í 1–2%. Tilkoma snemmóm skoðunar skýrir væntanlega þessa lækkun en hún gerir kleift að greina fósturgalla mun fyrr en áður var unnt.



Félagslegar ástæður fóstureyðinga eru oftast lítið samband við barnsföður eða að þunguð kona er einstæð móðir.

Tafla 3. Fóstureyðingar 2003
Aðgerðarstaður

Aðgerðarstaður	Hlutfall
Akranes	3,8 %
Akureyri	6,9 %
Suðurnes	3,0 %
Landspítali-háskólasjúkrahús	84,0 %
Önnur sjúkrahús	2,3 %

Aðgerðarstaður

Sem fyrr er yfirgnæfandi meirihluti fóstureyðinga framkvæmdur á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, eða 84%. Á tímabilinu 1976—1981 voru um 75% aðgerða framkvæmdar á sjúkrahúsinu (Landlæknisembættið, 1985, bls. 73).


FÓSTUREYÐINGAR 2003

*Meðalfjöldi
fóstureyðinga á
hverja 1000 lifandi
fædda í löndum
Evrópusambandsins
er um 220 á ári.*

Samanburður við Norðurlönd


Ef borin er saman aldursbundin tíðni fóstureyðinga á Norðurlöndum árin 1996–2000 er tíðni fóstureyðinga meðal kvenna yngri en 20 ára hærri á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum, en tíðnin er hins vegar svipuð eða lægri í öllum öðrum aldurshópum (NOMESCO, 2004).

Þegar staðan á Íslandi er borin saman við stöðuna á öðrum Norðurlöndum þarf einnig að taka tillit til fæðingatíðni. Af Norðurlöndunum er fæðingatíðnin hæst á Íslandi og munar þar mestu um hærri fæðingatíðni meðal yngstu aldurshópanna, þ.e. 20–24 ára og 15–19 ára (NOMESCO, 2004).



Sé þannig bæði litið á tíðni fóstureyðinga og fæðinga á Norðurlöndum (meðaltal 1996–2000) er fjöldi fóstureyðinga miðað við 1.000 lifandi fædda lægst í Finnlandi (183,2) og næst lægst á Íslandi (218,8).

Ef litið er til Evrópu í heild var fjöldi fóstureyðinga á hverja 1.000 lifandi fædda um 505 árið 2001 en meðaltal Evrópusambandslandanna var um 219 árið 1999 (WHO/Europe, 2003).




FÓSTUREYÐINGAR 2003

Tíðni fóstureyðinga miðað við 1.000 lifandi fædda á Íslandi er með því lægsta sem gerist á Norðurlöndum.

Fóstureyðingum hefur fækkað og fæðingatiðni lækkað hjá íslenskum stúlkum undir tvítugu frá árslokum 2000.

Útgefandi:
Landlæknisembættið
Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Janúar 2005



Samantekt

Árið 2003 var framkvæmd 951 fóstureyðing hjá konum með lögheimili á Íslandi. Ef miðað er við fjölda kvenna á barneignaraldri 2001–2003 voru framkvæmdar að meðaltali 14,8 fóstureyðingar á ári fyrir hverjar 1.000 konur. Þessi tala hefur verið svipuð frá árinu 1996. Meðalfjöldi fóstureyðinga á sama tímabili fyrir hverja 1.000 lifandi fædda var 229,4.

Frá og með árinu 2001 hefur fóstureyðingum meðal stúlkna undir tvítugu farið fækkandi. Fæðingatiðni hefur einnig farið lækkandi í sama aldurshópi. Á sama tíma hefur sala á neyðargetnaðarvörn aukist. Miðað við fjölda kvenna á barneignaraldri er tíðni fóstureyðinga í heild nokkru hærri á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum. Sé hins vegar tekið tillit til hærri fæðingatiðni á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum er fjöldi fóstureyðinga miðað við 1.000 lifandi fædda (meðaltal 1996–2000) lægri á Íslandi en í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Heimildir:

Landlæknisembættið, fóstureyðingaskrá.

Landlæknisembættið, 1985: *Fóstureyðingar 1976–1983. Helstu breytingar í kjölfar laga nr. 25/1975*. Fylgirit við Heilbrigðisskýrslur 2/1985.

NOMESCO, 69:2004: *Health Statistics in the Nordic Countries 2002*.

Hagstofa Íslands, 2004: *Hagtíðindi 2004:1*.

Hagstofa Íslands, 2004: *Landsbagir*.

Lög nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og fóstureyðingar og ófrjósemisáðgerðir.

WHO/Europe, *HFA Database*, January 2003.